

UMF Glói  
Ársskýrsla 2014



21. aðalfundur Umf. Glóa  
Haldinn 5. maí 2015

# Skýrsla stjórnar

## Fundarstjóri og kærur félagar, velkomin á tuttugasta og fyrsta aðalfund Umf. Glóa

Þá er enn einu sinni kominn tími til að líta um öxl og skoða hvað við vorum að fást við á síðasta starfsári. Starfið hefur verið í nokkuð föstum skorðum undanfarin ár, þar sem frjálsar íþróttir hafa verið hryggstykkið í starfseminni, en óhætt er að segja að breyting hafi orðið á því á sl. ári. Lítum nú nánar á það helsta sem á daga okkar dreif í þessum félagsskap á árinu 2014.

**Fréttaflutningur af starfsemi félagsins** fer fram í gegnum heimasíðu félagsins [www.123.is/umfgloi](http://www.123.is/umfgloi) og fésbókarsíðu þar sem einnig birtast fréttir og tilkynningar. Í gegnum árin hafa reglulega birtst fréttir af heimasíðu okkar í öðrum miðlum s.s. vefmiðlum bæjarfélagsins og jafnvel víðar. Fréttaflutningur var þó með minna móti á árinu en nú er Eyjólfur að hressast! Á síðunni er haldið vel utan um sögu félagsins og ekki gleyma afrekaskrá félagsins sem eru á heimasíðunni. Iðkendur okkar í frjálsum, og fleiri, fylgjast vel með þeim.

**Framkvæmd Kvannahlaups ÍSÍ** á Siglufirði var undir stjórn félagsins að venju, fór það fram þann 14. júní og var þetta ellefta árið í röð sem við höfum umsjón með hlaupinu. Var fjöldi þátttakenda aðeins um 60 líkt og árið áður og hefur dregið heldur úr þátttökunni undanfarin ár. Líkt og í fyrra var hlaupið frá og endað við Kaffi Rauðku þar sem hlaupara beið kristall og girnilegt ávaxtahlaðborð.

**Ljóðahátíðin Haustglæður**, sem áður hét Glóð, fór fram áttunda árið í röð og var hún haldin í samvinnu við Félag um Ljóðasetur Íslands líkt og undanfarin ár. Hátíðin var með sama sniði og í fyrra, sem var á þann veg að viðburðum hennar var dreift yfir haustmánuðina í stað þess að hafa þá alla á einni helgi. Ávallt hefur verið lögð áhersla á að börn og ungmenni væru virkir þátttakendur í hátíðinni og skapar það henni nokkra sérstöðu meðal ljóðahátíða landsins. Hátíðin okkar fer nú að verða ein lífseigasta árlega ljóðahátíðin á landinu.

Leiklistin var áberandi á hátíðinni í ár því sýnd voru tvö leikverk, en í þeim báðum kom kveðskapur mikið við sögu. Annars vegar var um að ræða verkið Halla, eftir kvæðabálki Steins Steinarrs og hins vegar einleikinn Í landlegu. Upplestrar voru í skólum, ljóðakvöld var haldið, kvæðamenn voru með opna æfingu og að venju var haldin ljóðasamkeppni milli nemenda í efstu bekkjum Grunnskóla Fjallabyggðar. Alls voru flutt ljóð fyrir um 350 manns á þessari hátíð og er það þriðji mesti fjöldi frá því að hátíðin hóf göngu sína. Fjallabyggð og Menningarráð Eyþings styrktu hátíðina í ár.



Hér má sjá þegar Þórarinn heimsótti GF og færði öllum nemendum miðstigs þrjár bækur að gjöf

**Félagið tók þátt í Vetrarleikum UÍF** sem eru að festa sér sess sem árlegur viðburður í íþróttalífinu í Fjallabyggð. Boðið var upp á opnar æfingar í fimleikum og bandý og haldið var stórt og mikið bandýmót þar sem saman komu lið jafnt að sunnan sem norðan og áttust við í spennandi keppni í íþróttahúsinu í Ólafsfirði, nánar að því síðar. Einnig var haldið ljóðakvöld, í samstarfi við Ljóðasetrið, þar sem þemað var vetur og íþróttir. Þar var góð stemning og ágætis aðsókn.

**Fjárhagsstaða félagsins er góð**, eins og sjá má í ársreikningunum, enda hefur ávallt verið farið sparlega með fé í þessum félagsskap. Æfingagjöld eru lág og munum við reyna að halda því þannig áfram. Fjárfest var í tækjum fyrir fimleika og búnaði fyrir bandý og veitti UMFÍ félaginu m.a. 100.000 kr. styrk upp í þau kaup. Einnig er gaman að segja frá því að félagið fékk nokkur þúsund eintök af barna- og unglingsbókum, sem prentaðar voru í Siglufjarðarprentsmiðju á sínum tíma, að launum fyrir að aðstoða við að tæma lager prentsmiðjunnar. Hefur félagið selt eitthvað af bókunum og mun vonandi gera meira af því á næstu árum auk þess færði félagið hverjum miðstignemenda í Grunnskóla Fjallabyggðar þrjár bækur sl. haust í tilefni ljóðahátíðarinnar.

## Frjálsar íþróttir

**Undirstaðan í starfsemi félagsins síðustu ár** hafa verið frjálsar íþróttir og hafa iðkendur okkar náð eftirtektarverðum árangri á landsvísu. Á síðasta ári var starfsemin þó miklu mun minni á þeim vettvangi en mörg undanfarin ár, var það fyrst og fremst vegna anna þjálfarans við sína aðalvinnu, en saltíð í grautinn þarft víst stundum að hafa forgang.

**Æfingar voru frá áramótum** og fram á vorið og einnig í júlí og ágúst. Iðkendur voru heldur færri en undanfarin ár og aðeins var farið á eitt mót með hóp keppenda. Það var Aprílmót UFA sem fór fram í Boganum á Akureyri. Þangað sendum við 6 keppendur sem náðu frábærum árangri og unnu m.a. til 12 gullverðlauna. Afrekin sem okkar iðkendur náðu á þessu móti voru mörg hver meðal þeirra bestu innanhúss þegar árið var gert upp því þau voru 8 sinnum á topp 10 yfir landið í árslok. Einnig héldum við tvö kastmót hér heima meðan sumaræfingar stóðu yfir.



Keppendur okkar á Aprílmóti UFA með hluta verðlauna sinna



**Unnur Hrefna Elínardóttir** var duglegust að sækja mótin því auk þeirra móta sem þegar hafa verið nefn tók hún einnig þátt í Íslandsmótinu fyrir 11-14 ára og Unglingalandsmóti UMFÍ. Náði hún flottum árangri á báðum mótum en meiðslí í læri voru þó að trufla hana svo hún gat ekki beitt sér sem skyldi.

**Efnilegasta frjálsíþróttafólk ársins** var samkvæmt venju valið við kjör íþróttamanns ársins í Fjallabyggð. Líkt og árið 2013 urðu þau Elín Helga og Björgvin Daði þess heiðurs aðnjótandi að vera valin. Var það verðskuldað þó við hefðum mátt standa okkur betur í að veita þeim tækifæri á keppnisvællinum. Þau eru bæði meðal efnilegasta frjálsíþróttafólks landsins í sínum aldursflokkum; Elín Helga í kastgreinum og Björgvin Daði í fjölda greina.

**Ljóst er að við þurfum að rífa upp starfið** í þessum skemmtilegu íþróttum sem við höfum náð svo góðum árangri í undanfarin ár og eru ánægjulegt að segja frá því að æfingar eru nú loks að hefjast á ný eftir nokkurra mánaða hlé. Einnig hefur okkur verið boðið að taka þátt í æfingabúðum hjá UMSE um aðra helgi.

## Blak

**Blakæfingar komust aftur á dagskrá** hjá félaginu á árinu 2013 eftir nokkurra ára hlé. Þá hófust æfingar að nýju í krakkablaki og einnig voru æfingar hjá unglingsstúkum settar af stað. Krakkablakið gekk mjög vel og tóku iðkendur okkar í þessari íþrótt m.a. þátt í Íslandsmóti þegar við sendum tvö lið til þátttöku í Kópavogi sl. vor. Gekk þeim vonum frammar og skemmtu sér vel. Einnig var komið af stað samstarfi við blakdeild KA þar sem félögin skiptust á að heimsækja hvort annað og leika æfingaleiki. Æfingar hjá þessum hópi var fram á vorið en fór ekki aftur af stað sl. haust af ýmsum ástæðum. Eldri stúkurnar hafa aftur á móti haldið áfram að æfa, undir öruggri stjórn, Önnnu Maríu Björnsdóttur, og hafa þær tekið þátt í fjölda móta með frábærum árangri. Ber þær hæst sigur í 5. deild Íslandsmótsins núna í vor, en stúlkurnar unnu 28 hrinur og töpuðu aðeins 2 í þeim þremur helgarmótum sem Íslandsmótið er leikið á. Fór eitt þessara móta fram á Siglufirði og var framkvæmd þess öll til fyrirmyndar. Óskum við stúlkunum innilega til hamingju með frábæran árangur.



Íslandsmeistarar í 5. deild!

**Undanfarin ár hafa blakiðkendur á Siglufirði**, yngri sem eldri, verið skráðir í Glóa. Á þessu verður líklega breyting fljótlega því til stendur að stofna nýtt félag í kringum blakiþróttina. Staðan hefur verið dálítið flókin í þessum málum undanfarin ár þar sem einn karlaklúbbur hefur verið í blakinu og tveir kvennaklúbbar auk þess sem Glói hefur verið með krakkablakið. Er hugmyndin með nýju félagi að einfalda utanumhaldið í krignum þessa íþrótt. Það kemur til með að minnka umsvifin hjá okkur að einhverju leyti en verður blakiþróttinni vonandi til framdráttar svo hún megi enn vaxa og dafna.

## Fimleikar

**Það er ekki síður ánægjulegt** að segja frá því að fimleikaæfingar eru nú aftur á dagskrá hjá félaginu eftir um 10 ára hlé. En fimleikar eru líklega einhver albesta íþróttin til að byggja upp alhliða kraft og fimi. Forsagan er sú að Lisebet Hauksdóttir, íþróttافرæðingur í Ólafsfirði, fór af stað með fimleikaæfingar síðasta haust til að sjá hvort áhugi væri fyrir slíkum æfingum. Fljótlega kom í ljós að áhuginn var geysilega mikill og krakkarnir flyktust á æfingar. Þegar ljóst var að íþróttin var komin til að vera fór Lísá að velta fyrir sér hvernig væri best að hafa umgjörðina í kringum íþróttina og lendingin var að hún leitaði til okkar. Að sjálfsgöðu tókum við henni vel, enda félagið ávallt verið opið fyrir að setja nýjar íþróttir af stað í sveitarfélaginu og auka þannig fjölbreytnina í íþróttalífinu.

**Reglulegir iðkendur í fimleikum** hafa verið hvorki fleiri né færri en 75 þennan fyrsta vetur en alls hafa um 100 krakkar komið og prufað. Æft er í þremur aldurshópum í íþróttahúsinu í Ólafsfirði og hefur Lísá nú tvo aðstoðarþjálfara með sér, þau Hafþór Eggertsson og Birnu Agnarsdóttur, sem bæði hafa góðan grunn úr fimleikum frá fyrri tíð. Öll sóttu þau þjálfaranámskeið hjá Fimleikasambandinu á síðasta ári sem félagið greiddi. Félagið tók einnig þátt í kaupum á nýjum áhöldum fyrir fimleikana.

**Er óhætt að segja** að starfið í fimleikunum hafi farið frábærlega af stað því auk þessarar góðu þátttöku hefur verið farið á tvö mót, núna á nýju ári, þar sem náðist mjög góður árangur. Einnig er búið að koma á samstarfi við fimleikaiðkendur á Dalvík og sjáum við fram á blómleg samskipti inn Eyjafjörðinn sem án efa mun efla og styðja við starf okkar næstu árin. Ekki má gleyma fimleikasýningum sem hafa verið fyrir aðstandendur iðkenda okkar. Þar hafa börnin haft ánægju af að sýna hvað þau hafa lært og ánægja aðstandenda hefur ekki verið minni við að sjá framfarirnar hjá börnunum. Svo má einnig geta þess að fimleikafólkið hefur notið sín við að sýna fimleikaæfingar á skólaskemmtunum og víðar.



**Ekki er síður ánægjulegt fyrir okkur að starfsemi félagsins nær nú einnig til Ólafsfjarðar og er gleðilegt að geta tekið þátt í því að auka fjölbreytni í íþróttastarfi þar eins og við höfum gert á Siglufirði í gegnum tíðina.**

## Bandý

**Hér er komin enn ein ný íþrótt í flórana hjá okkur og enn er það hún Lísu Hauksdóttir sem er frumkvöðullinn að skipulögðum æfingum. Sagan þarna á bak við er svipuð og hvað varðar fimleikana því Lísu leitaði til okkar eftir að æfingar höfðu hafist í íþróttinni í Ólafsfirði og eru þær nú undir okkar merkjum. Það eru fyrst og fremst nemendur úr Menntaskólanum á Tröllaskaga sem hafa sótt þessar æfingar en þær eru fyrir 16 ára og eldri. Sýnir þörfin fyrir þessar æfingar, sem og fyrir æfingarnar hjá unglingsstúlkunum í blakinu, hversu mikilvægt það er fyrir okkur að þessi skóli tók til starfa í sveitarfélaginu. Nú höfum við unglingana okkar heima í miklu meiri mæli en áður fyrr og þurfum við í íþróttahreyfingunni líka að sjálfsögðu að bregðast við því og skapa þeim vettvang fyrir uppbyggjandi hreyfingu og starf. Teljum við okkur hjá Glóa hafa brugðist vel við því, í samstarfi við okkar frábæru þjálfara og frumkvöðla í íþróttamálunum, eins og þær Lísu og Anna María eru gott dæmi um.**

**Félagið tók þátt í að kaupa búnað fyrir bandýíþróttina og eins kom styrkur frá UMFÍ vegna kaupanna. Mestu munar þó um aðkomu Menntaskólans á Tröllaskaga sem fjárfesti í böttum svo hægt er að afmarka völl í íþróttahúsinu. Eru svona batar aðeins til í Ólafsfirði og í Reykjavík. Battarnir gerðu það að verkum að hægt var að halda stórt bandýmót hér fyrir norðan í mars og var það hluti af Vetrarleikum UÍF. Lið að sunnan og norðan mættust þar í hörkukeppni og enn voru það stúlkurnar okkar sem slógu í gegn því liðin okkar tvö í kvennadeildinni tóku ekki aðeins gullið heldur silfrið líka. Karlaliðin áttu við aðeins rammari reip að draga en öðluðust mikilvæga reynslu.**



Hér má sjá sigurlið kvenna á bandýmóttinu

## Lokaorð

Þá er þessu 20 ára afmælisári félagsins lokið og má segja að nokkur vatnaskil hafi orðið í starfseminni, enn á ný. Árið var að mestu gott og gjöfult og þar hæst að iðkendum okkar fjölgaði mikið með tilkomu fimleika- og bandýæfinga innan okkar vébanda. Ekki var það síður ánægjulegt að með tilkomu þessara íþrótta hefur félagið heldur betur fært út kvíarnar og er nú líka með starfsemi í Ólafsfirði. Félagið er eina fjölgreinafélagið í sveitarfélaginu og hefur ávallt verið vakandi fyrir að kynna nýjar íþróttagreinar fyrir íbúum á svæðinu, ekki síst börnunum. Má segja að starf okkar á síðasta ári hafi verið í þeim anda. Enda segir í 2. grein í lögum félagsins að eitt af markmiðum þess sé að auka áhuga félagsmanna á líkamsrækt og stuðla að alhliða íþróttaiðkun.

**Nokkurn skugga ber þó á starfið í ár** og lítur það að fjrálsíþróttastarfinu, sem hefur ekki verið svona lítið í áratug eða svo. Úr þessu þarf að bæta og er þegar farið að vinna í þeim málum eins og fyrr segir. Einnig tókst okkur ekki að halda upp á 20 ára afmælið með þeim hætti sem stefnt var að, þ.e. með sögusýningu, mótahaldi o.fl. En í tilefni tímamótanna buðum við börnum sveitarfélagsins upp á leiksýningar í tengslum við ljóðahátíðina okkar og létum þar við sitja. Við eigum þetta þá inni þegar við höldum upp á 25 ára afmælið, það er svo ótrúlega stutt í það!

Að lokum vil ég, fyrir hönd stjórnar félagsins, þakka iðkendum okkar fyrir skemmtilega og árangursríka samveru, þjálfurum fyrir fórnfúst starf og foreldrum fyrir gott samstarf. Styrktaraðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðning og gott samstarf.

Íslandi allt  
Þórarinn Hannesson

# Rekstrarreikningur

01.01. - 31.12. 2014

## Umf Glói

### Tekjur:

11300 Lottó	kr:	251.477
11500 Styrkir	kr:	1.056.960
15100 Kvennahlaup	kr:	86.500
22200 Æfingagjöld	kr:	312.000
22300 Fjáröflun	kr:	59.000
23100 Seldar peysur	kr:	0
76100 Vaxtatekjur	kr:	<u>2.572</u>
		1.768.479

### Gjöld:

34900 Laun starfsm./þjálfara, opinb. gj.	kr:	171.967
37200 Íþróttááhöld	kr:	295.000
53500 Póstkostnaður	kr:	16.050
41500 Ferðakostnaður	kr:	122.701
43000 Þáttökugjöld	kr:	95.008
45100 Verðlaun	kr:	6.000
46000 Kvennahlaup	kr:	70.160
48100 Húsaleiga	kr:	84.000
56100 Menntun þjálfara	kr:	81.000
56500 Heimasiða/sími/ADSL	kr:	238.295
59000 Afmæli	kr:	60.000
70000 Önnur gjöld- Glóð + fl.	kr:	340.000
71000 Auglýsingar	kr:	40.000
76500 Fjármagnstekjusk.	kr:	<u>1.048</u>
		1.621.229
79000 Hagnaður ársins	kr:	147.250



# Efnahagsreikningur

Pr. 31.12. 2014

## Aðalstjórn

### Eignir:

### Veltufjármunir:

Tékkar. 1314 Sp. Siglufjarðar	kr:	553.275	
Tékkar. 28 Sp. Siglufjarðar	kr:	243.647	
Áhöld og tæki	kr:	<u>720.456</u>	<u>1.517.378</u>
	Kr:		<u>1.517.378</u>

### Skuldir og eigið fé:

### Skuldir:

Kr: 0.00 0.00

### Eigið fé:

Höfuðstóll frá fyrra ári	Kr:	649.672	
Millifært af rekstrarreikn.	Kr:	<u>147.250</u>	<u>796.922</u>

Kr: 796.922